



Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 26.3.18
Ábmr. [Signature]	Þvfr.
Afgr. [Signature]	()Bréf ()St.
Lvm. Árnesei	2. febrúar 2018

Fundargerð stjórnar

20. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn föstudaginn 2. febrúar 2018, kl. 8.30 í slökkvistöðinni í Árnesei.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Eypór H. Ólafsson, Pétur Pétursson, Sverrir Haukur Grönli og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna í nýja og glæsilega slökkvistöð í Árnesei og lýsti ánægju sinni með húsnæðið. Formaður setti fund kl. 8.30.

1. Útkallstölfraði 2017

Pétur fór yfir útkallstölfraði nýliðins árs. Útköllum hefur fjölgað nokkuð milli ára, árið 2016 voru útkallsveitvangar 92 en þeir voru 135 árið 2017. Vinnustundum í útköllum fjölgaði úr 2333 árið 2016 í 3165 árið 2017.

2. Eldvarnatölfraði 2017

Pétur kynnti tölfraði vegna eldvarnaeftirlits árið 2017. Úttektir voru 803, eldvarnaeftirlitsmenn sátu 42 bygginganefndafundi og umsagnir vegna leyfisveitinga voru 213 auk þess sem mikill tími fór í yfirferð teikninga. Árleg eftirlitsáætlun vegna ársins 2018 hljóðar uppá 2.643 skoðanir auk umsagna vegna leyfisveitinga.

3. Greiðslur vegna lífeyrissjóðsmála

- a. Pétur kynnti uppgjör vegna breytinga á A-deild Brúar lífeyrissjóðs. Greiðslur frá BÁ skiptast þannig:
Jafnvægissjóður – kr. 2.172.306.-
Lífeyrisauki – kr. 12.465.599.-
Varúðarsjóður – kr. 1.341.086.-
Samtals – kr. 15.978.991.-
Umræður.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirrita samkomulag um uppgjör.

b. Bókun vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð.

Stjórn Brunavarna Árnessýslu samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 15.900.000 mkr., til 17 ára. Er lánið tekið til að fjármagna uppgjör við Brú lífeyrissjóð vegna breytinga á A-deild sjóðsins. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'RR', 'SA', and 'UGÖ'.